

Vistsporið



Fréttabréf Vistbyggðarráðs 1. tbl. 5 árg, 2. janúar 2015

Nýr bæklingur um vistvænt skipulag þéttbýlis

Meðal efnis:

- * Nýr bæklingur
- * Fjölgun aðila
- * Norrænt samstarf
- * Kynningarfundur um vistvottun skipulags
- * Vistvæn leið með Strætó
- * Ráðstefna í Stokkhólmi
- * Stefnumótun
- * Starfsáætlun 2015
- * Samgöngustefna VBR



Nýverið gaf Vistbyggðarráð út bækling um vistvænt skipulag þéttbýlis. Bæklingnum er fyrst og fremst ætlað að draga fram helstu áherslupætti í vistvænu skipulagi, hvort sem það eru virkar samgöngur, þétting byggðar með ólíkum hætti, vistvænar byggingar, lyðræðisleg nálgun, hagkvæm orkunýting og margt, margt fleira.

Bæklingurinn er gefinn út með styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (frá

2012) og í samvinnu við Skipulagsstofnun, Arkís og Háskólann í Reykjavík.

Í þessu hefti eru settar fram almenningar ábendingar og fróðleikur um sjálfbærar áherslur í skipulagi og fjallað um hvað gerir skipulag vistvænt í helstu grundvallaratriðum.

Óhætt er að fullyrða að áhugi og þekking á vistvænu skipulagi hefur aukist hérlandis ár frá ári en lítið fræðsluefni er enn sem komið er aðgengilegt á íslensku.

Bæklingurinn byggir að hluta til á vinnu nemenda í meistaranámi í byggingarverkfræði og skipulagsfræði við Háskólann í Reykjavík vorið 2012, sem ritstjórn bæklingins vann síðan áfram til útgáfu. Stuðst var að hluta við viðmið í alþjóðlegum

umhverfissvottunarkerfinu BREEAM Communities en það er eitt þeirra svottunarkerfa sem notuð eru við mat á vishæfi skipulags.

Vistbyggðarráð þakkar ritstjórn og samstarfsaðilum, nemendum HR sem unnu að þessu verkefni og styrktaraðilum kærlega fyrir þeirra framlag.

Hægt er að skoða vefútgáfu á www.vbr.is



Aðildafélögum fjölgar



Náttúra ehf.
Samstarfsaðili
2013-2016



Árið 2014 gerðust alls sex fyrirtæki aðilar að Vistbyggðarráði. Þetta eru Íslenskir aðalverktakar, Steinull ehf., Landslag, Teiknistofan Tröð, Grásteinn ehf. og loks Ikea á Íslandi. Þetta er fjölbreyttur hópur og eru þessi fyriræki boðin kærlega velkomin og við

vonum að sjálfsögðu að fulltrúar þeirra taki virkan þátt í starfsemi samtakanna og nýti sér það mikilvæga tengslanet sem aðildin býður upp á. Það eru einmitt aðildafélögin og stuðningur þeirra bæði fjárhagslegur sem faglegur sem gera okkur kleift að vinna að því að efla

almenna vitund um vistvæna byggð ásamt því að vinna að ýmsum mikilvægum samstarfsverkefnum sem vonandi hafa áhrif til góðs.

Þannig getum við saman haft áhrif á þróun mála í átt til aukinnar sjálfbærni á íslenskum byggingarmarkaði.



Óskar Valdimarsson—minning

Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og einn af stofnfélögum Vistbyggðarráðs, lést á heimili sínu þann 23. nóvember síðastliðinn. Við minnumst Óskars sem eins af brautryðjendum okkar í þeirri þróun að leiða íslenskan byggingarmarkað inn á vistvænni brautir. Í starfi sínu sem forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins hafði Óskar Valdimarsson brennandi áhuga og vilja til að breyta og bæta og hafa áhrif á aðra með gjörðum sínum og athöfnum. Þetta, í bland við jákvætt viðhorf Óskars, framsýni og óbilandi trú á möguleikum íslensks byggingarmarkaðar hafði án efa mjög hvetjandi

áhrif á marga aðila sem starfa í tengslum við íslenskan byggingariðnað. Óskar var einn þeirra sem leiddu stofnun Vistbyggðarráðs vorið 2009, ásamt öðru framsýnu fólki sem fannst það aðkalandi að breyta byggingarmarkaðinum hérlandis og stefna í átt til aukinnar sjálfbærni, enda er framtíðin þar og þangað þurfum við að stefna. Það vissi Óskar og var hann alla tíð öflugur bakhjarl samtakanna. Undir stjórn Óskars voru teknar afar mikilvægar ákvarðanir um vistvottun nokkurra stórra opinberra verkefna hérlandis og er alveg óhætt að fullyrða að þessi verkefni og þær ein-

stöku ákvarðanir sem teknar voru í tengslum við formlega vottun þeirra, hafi leitt vagn vistvænnar þróunar á íslenskum byggingamarkaði undanfarin ár. Óskar var ávallt tilbúinn að tala fyrir samtökin og leggja þeim lið.



Nú á vormánuðum
fer af stað nýtt 3

ára verkefni hjá

Nordic Built,

Nordic Built Cities.

Hægt er að fræðast
nánar um verkefnið

á vefsíðu Nordic

Built: [http://](http://www.nordicinnovat)

www.nordicinnovat

[ion.org/](http://www.nordicinnovat)

Norræn samstarfsverkefni í fullum gangi

Eins og aður hefur verið kynnt þá er VBR þátttakandi í 2 samnorrænum verkefnum sem styrkt eru af Nordic Built /Norræna nýsköpunarsjóðnum, Annars vegar gerð norræns gagnabanka fyrir vistvæn byggingarefni þar sem einnig verða sett fram sameiginleg viðmið fyrir umhverfis-yfirlýsingar vöru (EPD). Hins vegar verkefni sem miðar að því að búa til sameiginleg grunnviðmið fyrir vistvænt skipulag sem standi

bæði eitt og sér en auðveldi jafnframt frekari vinnu við vistvottun skipulags. Á undanföllum mánuðum hafa verið haldnir nokkrir fundir í bæði stýrihópum og verkefnahópum, en báðum verkefnum á að vera lokið um áramótin 2015/2016. Óhjákvæmilega hafa áherslur og viðburðir á vegum Vistbyggðarráðs tekið mið af þessum verkefnum og verður svo áfram 2015.

Ráðstefna norrænu Vistbyggðarráðanna

Sameiginleg ráðstefna verður nú haldin í lok apríl eða dagana 28.-29. apríl en þetta er sú 4. í röðinni og stendur undirbúningur nú yfir. Ráðstefnan fer að þessu sinni fram í Kaupmannahöfn í tengslum við ráðstefnu Nordic Built.

Kynningarfundur um vistvottun skipulags í Urriðaholti

Í tilefni af alþjóðlegri viku vistvænna bygginga sem stóð yfir dagana 22.-29. september, bauð Vistbyggðarráð upp á opinn kynningarfund um Breeam vottun skipulags í húsnæði Náttúrfræðistofnunar þann 23. September. Fjallað var um vistvottun skipulags skv. alþjóðlega vottunarkerfinu Breeam Communities, sem nú er unnið eftir við skipulag og hönnun Urriðaholts í

Garðabæ. Á fundinum talaði Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ um umhverfisáherslur í Garðabæ. Þá héldu erindi þau Cary Buchanan og Tom Hyde, sem starfa sem ráðgjafar hjá BRE og sem vottunaraðilar fyrir Breeam Communities í Bretlandi. Þá fór Ólöf Kristjánsdóttir samgönguverkefningur og matsaðili fyrir Breeam Communities hjá Mannviti yfir ferli varðandi

hönnun og vottun á hluta Urriðaholtshverfissins en hún hefur umsjón með vottun hluta þess. Þess má geta að rammaskipulag fyrir svæðið var einmitt unnið út frá þessu sama vottunarkerfi. Kynningarfundurinn var vel sóttur sem endurspeglar þann áhuga sem nú er að vakna á vistvænum áherslum í skipulagsgerð hérlandis. Hægt er að skoða kynningar frá fundinum á vefsíðu Vistbyggðarráðs undir - opnir fundir.



Vistvæn leið með Strætó



Í viku vistvænna bygginga stóð VBR fyrir ökuferð með strætó, en ekið var í strætisvagni á milli nokkurra áfangastaða þar sem annað hvort er um að ræða vistvænar byggingar/framkvæmdir, skipulag eða rekstur sem vert er að vekja athygli á. Lagt var af stað í metanvagni frá Mjód-dinni klukkan 17 og ekið sem

leið lá upp á Höfðabakka og fjallað um vistvæna endurgerð skrifstofuhúsnæðis við Höfðabakka, þá var ekið inn Súðavoginn og sagt frá hugmyndum varðandi uppbyggingu Vogahverfis. Ekið var niður á hafnarbakka eða Vesturbugtina þar sem búið er að hanna nýtt hverfi með vistvænum áherslum, og svo haldið vestur í bæ, fram hjá grunni að húsi íslenskra fræða sem verður vottað samkvæmt Breeam, framhjá stúdentagörðum og svo út Vatnsmýrina þar sem komið var inn á mikilvægi þess að vernda vistkerfið og endurheimta votlendi. Ferðinni

lauk með viðkomu og stuttu stoppi í Urriðaholti í Garðabæ. Fulltrúi frá Strætó bs. sem lagði til strætisvagninn kynnti þá umhverfisstefnu Strætó og möguleika á því að gera samgöngusamninga við Strætó og kom fram að það er mikil aukning í fjölda fyrirtækja sem eru farin að bjóða starfsmönnum sínum upp á þann möguleika. Leiðsögnin í ferðinni var lifandi og fjölbreytt og í höndum þeirra aðila sem hafa komið að þeim verkefnum sem farið var um. Stefnt er að því að endurtaka þennan viðburð að ári, með von um enn betri þátttöku.

Ráðstefnan, Building Sustainability SGBC14 í Stokkhólmi

Dagana 10. og 11. nóvember síðastliðinn fór fram sameignleg ráðstefna sænska Vistbyggðarráðsins, og Stokkhólmsborgar í Stokkhólmi. Framkvæmdastýra sótti ráðstefnuna og vinnufund í einu norrænu verkefnanna beint í kjölfarið. Ráðstefnan var afar vel sótt en rúmlega 900 gestir voru á ráðstefnunni og var allt skipulag og framkvæmd til fyrirmyndar. Viðfangsefnið var sjálfbærni byggðs umhverfis út frá ýmsum hliðum en þar sem Stokkhólmsborg var annar

skipuleggjenda ráðstefnunnar var nokkuð mikil áhersla lögð á umræðu um borgarþróun og stöðu sveitarfélaga og borgsamfélaga í þeirri þróun.

Hægt er að skoða kynningar sem haldnar voru og samantekt framkvæmdastýru um það helsta sem rætt var á ráðstefnu á vefsíðunni undir STARFSEMI, ráðstefnur.



Drög að starfsáætlun Vistbyggðarráðs 2015

Á stjórnarfundum þann 26. nóvember voru lögð fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2015. Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir 3 opnum fundum, aðalfundi í lok mars, aðilafundi um miðjan September. Stefnt hafði verið að því að halda námskeið í lok ársins 2014 en ákveðið var að fresta því og leggja áherslu á að kynna það vel og undirbúa og helst að tengja raun-

verulegum framkvæmdum. Þá mun verkefnastaða næsta árs vissulega taka mið af því hvað fæst af styrkjum til einstakra sérverkefna, en einnig þeim verkefnum sem nú standa yfir

Á vefsíðu Vistbyggðarráðs er hægt að lesa starfsáætlanir síðust ára, einnig skýrslur stjórnar og ársreikninga.

RÁDGJAFAHÓPAR, viltu taka þátt?

Í tengslum við bæði norrænu verkefnin sem Vistbyggðarráð tekur nú þátt í hafa verið stofnaðir svokallaðir ráðgjafahópar sem er ætlað að vera faglegt bakland. Skoða má upplýsingar um starfsemi hópanna á vefsíðunni undir hópastastarf. Starf þeirra er opið en reynt er að tryggja þátttöku helstu hagsmunaaðila og kynna starfsemi þeirra sem víðast.

Hópur sem tengist verkefninu Norrænn gagnabanki fyrir vistvænt byggingarefni hefur þegar haldið tvo fundi en stefnt er að fyrsta fundi í hópnum um samnorræn viðmið fyrir vistvænt skipulag, fyrri hluta janúar 2015.

Drög að dagskrá 2015

Ýmislegt er á dagskrá á vegum Vistbyggðarráðs næsta árið og mun VBR jafnframt taka þátt í viðburðum í samstarfi við ýmsa aðila, bæði erlenda og innlenda. Hér má skoða viðburðadagskrá út september.

Norrænir samstarfsfundir í janúar og febrúar

Opinn fundur 6.mars- grænir fletir

Opinn fundur 17.apríl- vistferilshugsun

Aðalfundur 26.mars

Ráðstefna Norrænu

Vistbyggðarráðanna í

Kaupmannahöfn 28-29.apríl

Aðilafundur 10.september

Vika vistvænna bygginga í lok september

Námskeið um vistvottun með Breeam, September

Allir viðburðir eru auglýstir á vefsíðunni okkar og á fésbókarsíðu Vistbyggðarráðs og eru áhugasamir hvattir til að fylgjast vel með henni.

Samstarfsvettvangur um vistvæna þróun

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
(Höfuðstöðvar Verkis)


Sími: 5712700

GSM: 8403838

Netfang: vbr@vbr.is /

sigrídur@vbr.is

Vefsíða: www.vbr.is



facebook



NÝÁRSKVEDJA!

Vistbyggðarráð vill pakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfseminni á liðnu ári fyrir samstarfið og þeirra framlag með óskum um gæfuríkt, gjöfult og að sjálfsgöðu vistvæns komandi árs.

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjagæiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaaðferðum, hönnun og skipulagi.

Megintilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Það er jafnframt hlutverk Vistbyggðarráðs að vera stefnumótandi og leiða umræðuna um vistvænar aðferðir og áherslur í samræmi við alþjóðleg viðmið um sjálfbæra þróun almennt.

Stefnumótun 2015-2018

Árið 2012 var mótuð stefna fyrir starfsemi Vistbyggðarráðs til næstu 3 ára sem gildir til loka árs 2015. Það er tímabært nú að hefja vinnu við endurskoðun stefnumiða fyrir næstu 3 árin hið minnsta. Í upphafi slíkrar vinnu er gott að taka stöðumat og er óhætt að segja að á þeim fjórum árum sem Vistbyggðarráð hefur starfað hefur bæði áhugi og þekking á sjálfbærni og vistvænni byggð aukist. Stefnit er að því að senda út rafræna könnun til aðila í byrjun árs sem getur, ef svörun verður góð, orðið afar gagnlegt innlegg í vinnu við stefnumótun. Unnið verður úr þessum gögnum í sumar og tillögur lagðar fyrir aðilafundi í september og er vonandi að sem flestir séu virkir í þeirri vinnu að móta framtíðarsýn fyrir Vistbyggðarráð næstu árin.

Samgöngustefna og verkefnastyrkir

Vistbyggðarráð vinnur að því í öllu starfi sínu að efla almenna vitund um vistvæna byggð og þar með um vist-

frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði í 60% tilfella á mánaðargrunni. Samgöngusamningur greiðist í



vænar samgöngur. Í haust samþykkti stjórn samgöngustefnu fyrir Vistbyggðarráð samhliða því að gerður var samgöngusamningur við framkvæmdastýru sem skuldbindur sig til að ferðast til og

frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði í 60% tilfella á mánaðargrunni. Samgöngusamningur greiðist í formi samgöngukorts með Strætó BS. Vistbyggðarráð vill á þennan hátt sýna gott fordæmi og leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks sem og allra landsmanna enda sé það eitt af grunnmarkmiðum samtakanna að efla vistvæna byggð. Hægt er að nálgast samgöngustefnu VBR á vefsíðunni.

UMSÓKNIR UM

VERKEFNASTYRKIR

Einu sinni á ári auglýsa ráðuneytin eftir umsóknum um styrki á fagsviðum ráðuneytanna. Vistbyggðarráð hefur á undanförunum 2 árum fengið 3 styrki frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Að þessu sinni voru sendar inn tvær umsóknir um verkefni til Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis og ein verkefnatengd umsókn til Umhverfisráðuneytis auk umsóknar um rekstrarstyrk fyrir félagasamtök sem auglýstir eru sérstaklega. Í lok janúar verður ljóst hvort einhver þessarar sérverkefna fær styrk.